

## Hagsveiflur, umferð og umferðaslysapróun á Íslandi

Guðmundur Freyr Úlfarsson og Arnar Þór Stefánsson  
Umhverfis- og byggingarverkfræðideild, Háskóla Íslands

Verkefni styrkt af  
**Rannsóknasjóði Vegagerðarinnar 2008-2009**


Umferðaröryggi er mikilvægt og því mikil áhersla lögð á það. Í þeirri umræðu í Evrópu er áhersla á mælanleg markmið um fækkun umferðarslysa. Mikilvægur þáttur við setningu umferðaröryggismarkmiða eru skýringar á þróun í fjölda umferðarslysa. Erfitt er að grípa markmið úr lausu lofti eða yfirfæra markmið þjóða á milli landa. Því hefur í Evrópu verið stuðlað að byggingu spálíkana fyrir umferðarslys sem byggjast á aðstæðum hvers lands.

Hagrænir þættir hafa áhrif á umferð og þar með umferðarslys. Markmiðið er að rannsaka slysasögu og aðrar tímaraðir hagstærða til þess að skoða samband þeirra. Niðurstöður eiga að nýtast við markmiðssetningu í umferðaröryggismálum, til að mæla árangur af aðgerðum í umferðaröryggisátt, og sem hluti af tækjum sem nýtast við þróun umferðaröryggismála á Íslandi.


Aflað var gagna fyrir umferðarslys og nokkra hagræna þætti frá árinu 1965 til 2008. Sem dæmi um þau gögn sem hefur verið safnað er á Mynd 1 sýndur fjöldi látinna í umferðarslysum á Íslandi á ári, árin 1965-2007 ásamt fjölda skráðra ökutækja og fjölda íbúa á landinu. Myndin sýnir að töluvert hefur áunnist í umferðaröryggi á Íslandi á undanförunum árum. Þó fjöldi látinna hafi haldist að mörgu leyti svipaður, að meðaltali deyjá 22 í umferðarslysum á Íslandi á ári á tímabilinu, þá hefur Íslendingum og ökutækjum þeirra fjölgað mikið. Mynd 1 sýnir einnig að ökutækjum fjölgar hraðar en íbúum á tímabilinu og með brattri uppsveiflu undanfarin ár, einnig sést fólksfjölgun aukast undanfarin nokkur ár.

Mynd 2 sýnir samband umferðarslysa og ekinna kílómetra og sýnir einnig hlutfall látinna í slysi. Báðar tímaraðirnar fara lækandi, sem sýnir að í þessum skilningi fer umferðaröryggi vaxandi, þó fjöldi látinna hafi því miður haldist á nokkuð föstu bili í mörg ár. Reyndar tengist fjöldi látinna í slysi einnig líklega minnkandi meðalfjölda farþega í ökutæki.

Í verkefninu er einnig kannað samband umferðarslysa og verðbólgu, atvinnuleysis, bílbeltalöggjafar, aldursdreifingar íbúa, auk fleiri þátta.



**Mynd 1** Fjöldi látinna í umferðarslysum, fjöldi ökutækja og íbúa á Íslandi 1965-2007



**Mynd 2** Fjöldi slysa á milljón ekna km og fjöldi dauðsfalla á slysum, 1965-2008